5. gr.

26. gr. verði sem hér segir:

Stýrilína (L44) er brotin lína sem nota má til þess að afmarka sérstakar akreinar fyrir umferð sem beygir á vegamótum. Stýrilínur skulu vera 100-200 mm breiðar.

6. gr.

31. gr. breytist sem hér segir:

Stefnuör (N2x). Áletranir (N3x). Stefnuör á akbraut bendir á þá akrein sem nota skal ef ætlunin er að aka í þá átt sem örin vísar. Önnur tákn, s.s. táknmyndir umferðarmerkja eða letur má setja á akbraut til að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi. Miðja stefnuörva og áletrana skal alltaf vera á miðju akbrautar.



N25

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

27. júní 2005 Nr. 618

AUGLÝSING

um afnám línuívilnunar í ýsu.

1. gr.

Frá og með 4. júlí 2005 er felld niður línuívilnun í ýsu, sem ákveðin var í reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni 2004/2005.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 8. mgr. 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2005.

F. h. r.

Þórður Eyþórsson.

Kristinn Hugason.